



ÚTHLUTUNARHÁTIÐ UPPBYGGINGARSJÓÐS NORÐURLANDS EYSTRA

ÚTHLUTUN UPPBYGGINGARSJÓÐS NORÐURLANDS EYSTRA

2022



Í nóvember sl. lauk fimm vikna umsóknarfresti í Uppbyggingarsjóð Norðurlands eystra. 158 umsóknir bárust sjóðnum fyrir fjölbreytt og áhugaverð verkefni en athygli vakti að umsóknirnar í ár voru sérstaklega vandaðar að þessu sinni og því var áskorun úthlutunarnefndar enn stærri en oft áður.

Rafræn úthlutunarhátíð fór fram fimmtudaginn 3. febrúar en til úthlutunar voru 75 m.kr. að þessu sinni. Starfsmenn SSNE hafa tekið saman og útbúið bækling með yfirliti yfir öll þau verkefni sem hlutu styrk 2022. Sem fyrr skiptust styrkirinnir í þrjá megin styrkjaflokka:

- 27 verkefnastyrkir í flokki atvinnuþróunar og nýsköpunar
- 42 verkefnastyrkir í flokki menningar
- 11 stofn- og rekstrarstyrkir á sviði menningar

Framkvæmdarstjóri SSNE, Eyþór Björnsson, formaður úthlutunarnefndar, Katrín Sigurjónsdóttir og formaður stjórnar SSNE, Hilda Jana Gísladóttir héldu stutt ávörp auk þess sem fyrri styrkþegar Birkir Baldvinsson og Hildur Henrýsdóttir sögðu frá sínum verkefnum. Þá frumsýndi Anna María Richardsdóttir, dansari og gjörningarlistakona, stiklu úr mynd sinni Var.

Þá var farið stuttlega yfir öll þau 80 verkefni sem hlutu styrk þetta árið á meðan skemtilegar myndir sem styrkþegar sendu inn voru birtar, hátíðargestum til mikillar ánægju.

SSNE óskar öllum styrkþegum til hamingju um leið og við þökkum öllum umsækjendum fyrir sýndan áhuga og þá vinnu sem lögð var í umsóknargerðina alla.

RATSJÁIN 2022

Ratsjain er ákveðið verkfæri ætlað stjórnendum í ferðaþjónustu og tengdum greinum sem vilja auka nýsköpunarhæfni sína, hraða mikilvægum breytingaferlum og öðlast aukna yfirsýn og getu til að þróa vörur og þjónustu. Íslenski ferðaklasinn leiðir verkefnið í samstarfi við RATA og Samtök sveitarfélaga á Íslandi. Þriðjudaginn 26. janúar, fór fram kynningarfundur á netinu sem hægt er að horfa á [hér](#).

Ratsjain verður keyrð með blönduðu sniði af rafrænni fræðslu, vinnustofum og verkefnalotum og mun verkefnið standa yfir á tímabilinu 15. febrúar - 5. apríl.



RATSJÁIN
2022



STYRKIR VORIÐ 2022



- **Nýsköpunarsjóður námsmanna / 14. febrúar 2022**
 - **Fyrir hverja?** Háskólanemar í grunn og meistaranámi. Sérfræðinga innan fyrirtækja, stofnana og háskóla sem óska eftir að ráða háskólanema í sumarvinnu við rannsóknar- og/eða þróunarverkefni.
 - **Til hvers?** Styrkir eru veittir til rannsóknar- og þróunarverkefna sem líkleg þykja til að stuðla að nýsköpun og auknum tengslum háskóla, stofnana og fyrirtækja.
- **Myndlistarsjóður / 14. febrúar 2022**
 - **Fyrir hverja?** Myndlistarmenn, sýningarstjórar, listfræðingar og sjálfstætt starfandi fagmenn á sviði myndlistar geta sótt um styrki til skilgreindra verkefna. Listasöfn, gallerí, sýningarstaðir, stofnanir og félag geta notið styrks úr myndlistarsjóði til skilgreindra verkefna.
 - **Til hvers?** Sjóðurinn veitir verkefnastyrki sem ætlaðir eru til að auðvelda framkvæmd verkefna á sviði listsköpunar og listransókna. Jafnframt veitir sjóðurinn styrki til undirbúnings verkefna sem falla undir starfssvið sjóðsins.
- **Æskulýðssjóður / 15. febrúar 2022**
 - **Fyrir hverja?** Börn og ungmenni, á aldrinum 6-25 ára.
 - **Til hvers?** Auka möguleika æskulýðsfélaga og samtaka á að bjóða fjölbreyttari starfsemi fyrir félaga sína.
- **Virk starfsendurhæfingarsjóður / 15. febrúar 2022**
 - **Til hvers?** Veittir eru styrkir til verkefna sem auka fjölbreytni og framboð úrræða í starfsendurhæfingu og styrki til rannsókna sem stuðla að uppbyggingu og auka við almenna þekkingu á starfsendurhæfingu á Íslandi.
- **Samfélagsverkefni (Erasmus+) / 28. febrúar 2022**
 - **Fyrir hverja?** Ungt fólk á aldrinum 18 - 30 ára. Þátttakendur verða að vera að minnsta kosti 5 talsins, með lögheimili á Íslandi og hafa skráð sig í European Solidarity Corps gáttina.
- **Tækniþróunarsjóður: Fræ/Þróunarfræ / 15. febrúar 2022**
 - **Fyrir hverja?** Fyrirtæki yngri en 5 ára og einstaklinga.
 - **Til hvers?** Styðja við hugmyndir og verkefni á frumstigi sem getur leitt af sér stærra þróunarverkefni.
- **Tækniþróunarsjóður: Hagnýt rannsóknarverkefni / 28. febrúar 2022**
 - **Fyrir hverja?** Háskóla, opinberar rannsóknastofnanir og opinber fyrirtæki.
 - **Til hvers?** Afla nýrrar þekkingar og kunnáttu sem nýtist til að þróa nýjar vörur, verkferla eða þjónustu eða til að koma í kring umtalsverðum endurbótum á eldri vörum, verkferlum eða þjónustu.
- **Atvinnumál kvenna / 3. mars 2022**
 - **Fyrir hverja?** Verkefni í meirihluta eigu konu/kvenna (51%) og stjórnað af konu.
 - **Til hvers?** Auka aðgengi frumkvöðlakvenna að fjármagni.
- **Tækniþróunarsjóður: Sproti / 15. mars 2022**
 - **Fyrir hverja?** Ung nýsköpunarfyrirtæki og frumkvöðla.
 - **Til hvers?** Sproti er ætlaður til að styðja við verkefni á byrjunarstigi.
- **Tækniþróunarsjóður: Vöxtur, Sprettur / 15. mars 2022**
 - **Fyrir hverja?** Lítil og meðalstór fyrirtæki.
 - **Til hvers?** Vöxtur er ætlaður til að styrkja þróunarverkefni sem eru komin af frumstigi hugmyndar. Sprettur er öndvegisstyrkur innan Vaxtar.
- **Tækniþróunarsjóður: Markaðsstyrkur / 15. mars 2022**
 - **Fyrir hverja?** Markaðsstyrkur er eingöngu fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki sem verja að lágmarki 10% af veltunni til rannsókna- eða þróunarstarfs samkvæmt síðasta reikningsári.
 - **Til hvers?** Hægt er að sækja um styrk vegna sérstaks markaðsátaks en einnig uppbyggingu innviða fyrirtækisins sem tengjast sókn á markaði.

Ráðgjafar SSNE veita upplýsingar um styrki og styrkjarmöguleika sem standa einstaklingum, fyrirtækjum og rannsóknaraðilum til boða en við hvetjum einstaklinga og fyrirtæki til að kynna sér málin á heimasíðu SSNE þar sem má finna yfirlit yfir styrki sem veittir eru frá ráðuneytum, Rannís, samfélagssjóðum, Uppbyggingarsjóði Norðurlands eystra ofl. Við vekjum líka athygli á því að mörg fyrirtæki veita samfélagsstyrki og hvetjum við fólk til að kynna sér þá. Athugið að listinn hér er ekki tæmandi fyrir styrki vorið 2022.


HÆGT ER AÐ BÓKA VIÐTAL VIÐ RÁÐGJAFNA Á SSNE@SSNE.IS



FINNST ÞÉR FLÓKIÐ AÐ SÆKJA UM STYRKI?

Hjá SSNE er hægt að nálgast upplýsingar um ýmsa styrki sem í boði eru, bæði hér á landi sem og erlendis. Þá býður SSNE upp á fría ráðgjöf til einstaklinga og fyrirtækja vegna styrkumsóknarskrifa en nú bætum við um betur og **bjóðum upp á fjárhagsaðstoð til að niðurgreiða kostnað við sérhæfða ráðgjöf eða námskeið í styrkumsóknarskrifum.**

Markmiðið er annars vegar að fjölga umsóknum af svæðinu og hins vegar að hækka árangurshlutfall umsókna af svæðinu. Þessi aukna aðstoð við styrkumsóknarskrif er hluti af verkefninu "Nýsköpun á Norðurlandi" sem var eitt af áhersluverkefnum SSNE 2021. Einfalt og fljótlegt er að sækja um slíka aðstoð og er tekið við umsóknum allan ársins hring.



Hér er hægt að fá frekari upplýsingar.



SPENNANDI TÍMAR FRAMUNDAN HJÁ NORÐANÁTTINI

Það hefur verið nóg að gera hjá Norðanátt í undirbúningsvinnu. Framundan er fjárfestahátíð á Siglufirði þann 31. mars og vinnustofa fyrir þáttakendur í byrjun mars sem kynna verkefni sín á fjárfestahátíðinni. Fjárfestahátíðin er fyrsta sinnar tegundar fyrir utan höfuðborgarsvæðið og verður vonandi árlegur viðburður. Norðanátt ætlar að bjóða fjárfestum sem vilja fjárfesta á landsbyggðinni og vilja fjárfesta í grænum lausnum eða sem falla að þemanu matur,orka,vatn. Norðanátt stefnir einnig að taka þátt í fyrirhugaðari nýsköpunarviku í lok maí.



HEIMSÓKN Á TÁLKNAFJÖRÐ

Miðvikudaginn 26. janúar sl. fóru fulltrúar Dalvíkurbyggðar og SSNE í heimsókn í seiðaeldisstöð Arctic Fish á Tálknafirði. Með í för voru Katrín Sigurjónsdóttir sveitarstjóri, Jón Ingi Sveinsson sveitarstjórnarfulltrúi, Monika Margrét Stefánsdóttir íbúi á Árskógssandi og nefndarmaður í umhverfisráði og Rögnvaldur Guðmundsson verkefnastjóri hjá SSNE.

Tilgangur ferðarinnar var að kynna seiðsframleiðslu Arctic Fish, en fyrir Dalvíkurbyggð liggur að taka afstöðu til umsóknar Laxóss um seiðaeldisstöð á Árskógssandi.

Ferðin tókst vel og þrátt fyrir rysjótt veður í janúar var ferðadagurinn bjartur og fagur og sunnanverðir Vestfirðir tóku vel á móti ferðalöngunum að norðan.

Starfsfólk Arctic Fish tók vel á móti okkur, við fengum leiðsögn Sigurvins Hreiðarssonar aðstoðar staðarstjóra seiðaeldis, en auk þess hittum við Johan Hansen staðarstjóra og Nancy Helgadóttur sem veitir rannsóknastofu Arctic Fish forstöðu.



Fulltrúar Arctic Fish: Nancy, Sigurvin og Johan



Ferðafélagarnir: Frá vinstri eru Jón Ingi, Katrín Sigurjóns, Rögnvaldur og Monika



Seiðaeldisstöð Arctic Fish í Tálknafirði.

MIKIÐ AÐ GERA Í ÚRGANGSMÁLUM

Hafin er vinna við endurskoðun „svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs“. Endurskoðun svæðisáætlunar er fyrsti áfangi í vinnu til að uppfylla skyldur frumvarps um hringrásarhagkerfi sem var samþykkt 16. júní 2021 og tekur að mestu gildi 1. jan 2023.

17. janúar síðastliðin var klukkutíma fjárfundur um stöðu sorpmála í Eyjafirði þar sem almennur vilji var fyrir sameiginlegri stefnumótun, gerð útboðsgagna og frekari samræmingu og samvinnu í þjónustu. Stefnt er að sambærilegum fundi í Þingeyjasýslum í byrjun mánaðar og sameiginlegur fundur með áherslu á stefnumörkun í svæðisáætlun.

Meðhöndlun úrgangs er framtíðar verkefni sem er að verða fyrirferðameira í umræðunni en það hefur verið. Nýlega er búið er að vinna skýrslu um framtíðarlausn til meðhöndlunar á brennanlegum úrgangi í stað urðunar um hagkvæmni einnar stórrar brennslu á suðverstur horninu og erum við að vinna að hagkvæmni mati Líforkuvers á okkar svæði. Bæði þessi verkefni hlaupa á milljörðum og munu verða liður í framtíðar lausnum í Úrgangsmálum.



VERKEFNASTJÓRI SSNE Í PODCAST ÞÆTTINUM ICELANDINGS CAST

Rebekka Kristín Garðarsdóttir, verkefnastjóri SSNE var gestur í fyrsta og öðrum þætti hláðvarpsins Icelandings Cast og ræðir við Söru Belova þáttastjórnanda til að mynda um það hvernig hægt er að fjármagna nýtt fyrirtæki á Íslandi, umhverfi styrkja og stuðningsúrræði fyrir einstaklinga og fyrirtæki, Uppbyggingarsjóð Norðurlands eystra og gefur góð ráð varðandi viðskiptaáætlanir og markaðssetningu.

Við hvetjum lesendur fréttabréfsins að hlusta á þessa skemmtilegu þætti sem eru aðgengilegir [hér](#).



Rebekka Kristín og Sara Belova
Mynd fengin af Facebook síðu Icelandings Cast

ÍBÚAKÖNNUN LANDSHLUTANNA

SSNE stóð ásamt öðrum landshlutasamtökum að íbúakönnun landshlutanna fór fram á netinu í september og október 2020. Tilgangur hennar var að kanna hug íbúa til búsetuskilyrða, aðstæður á vinnumarkaði og afstöðu til nokkurra mikilvægra atriða, s.s hamingju og hvort íbúar séu á förum frá landshlutanum Könnunin var send út á íslensku ensku og pólsku og alls fengust 10.253 svör. Skýrsla um könnunina kom út í ársbyrjun 2021.

Byggðastofnun hefur nú gefið út mælaborð þar sem hægt er að skoða niðurstöður könnunarinnar eftir bakgrunni svarenda og bera saman búsetuþætti á 25 svæðum. Í mælaborðinu er hægt að einangra svör ákveðins hóps, til dæmis aldurshópsins 18-34 ára eða Þingeyinga, með því að smella á viðkomandi hóp á súluritum eða í töflum. Þar er jafnframt hægt að skoða stöðu og mikilvægi 40 búsetuþátta, bæði eftir svæðum og innan svæða.

[Skýrslan er aðgengileg hér.](#)

[Mælaborðið er aðgengilegt hér.](#)

SSNE ÞÁTTTAKANDI Í BRÚARVERKEFNI NORÐURSLÓÐAÁÆTLUNAR (NPA)

Undir árslok 2021 var tilkynnt hvaða 22 verkefni hefðu fengið brautargengi sem svokölluð brúarverkefni úr atvinnu- og byggðapróunarsjóði Norðurslóðaráætlunar (NPA). Kallið er það síðasta sem fjármagnað er af áætluninni 2014-2020 og er ætlað til þess að undirbúa aðalverkefni til þátttöku í áætluninni 2021-2027. Eins og nafnið bendir til er hugsunin sú að undirbúningsverkefni byggja brú á milli áherslna eldri á ætlunarinnar og þeirra megin viðfangsefna sem skilgreind eru í nýju áætluninni. SSNE er þátttakandi í einu af þessum brúarverkefnum, en alls eru sjö verkefni með íslenski þátttöku.

Verkefnið sem um ræðir er HubMent - Smart Mentoring Platform Capability for Regional Hubs sem er samstarfsverkefni Írskra aðila, SSNE og Matís. Írsku aðilarnir eru Western Development Commission sem leiðir verkefnið og SCCUL Enterprises CLG.

Verkefnið byggir á BizMentors verkefninu sem hlaut styrk úr áætluninni 2018 og felst í því að þróa áfram netlægt samskiptatorg frumkvöðla og leiðbeinenda (e.mentors), á sviði rekstrar, nýsköpunar og atvinnuþróunar en einnig á sviði samfélagsþjónustu og þróunar. Heildarkostnaður verkefnisins er 67.053 evrur og styrkurinn sem það hlaut 40.575 evrur.

NÝR VERKEFNASTJÓRI UMHVERFISMÁLA Í NÆRMYND

Smári Jónas Lúðvíksson hefur hafið störf sem verkefnastjóri hjá SSNE með sérstaka áherslu á umhverfismál. Smári hóf störf þann 3. janúar sl. og er með starfsstöð á Húsavík.

Smári er fæddur og uppalinn á Rífi Snæfellsnesi og er því Rífsari. Smári lærði við Menntaskólann á Akureyri og tók síðan B.S gráðu í umhverfisskipulagi við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri. Smári vann á handfærabátum Kári II SH 219 á menntaskólaárunum og með háskóla var hann landvörður við Snæfellsjökulþjóðgarð.

Smári hefur umfangsmikla reynslu af umhverfismálum en hann hefur unnið við þau á grunni sveitarfélaga í um sex ár. Smári starfaði sem garðyrkjustjóri hjá Norðurþingi sem þróaðist yfir í stöðu umhverfisstjóra.

Hver eru þín áhugamál?

„Ég hef ekki haft mikinn tíma í áhugamálin en fer í hjólréiðatúra og gönguferðir með hundinn og nýt útiveru í góðu veðri. Ég hef líka hlustað mikið á hljóðbækur og námskeið en það er algjör bylting að geta verið að læra eitthvað nýtt meðan maður er að gera eitthvað annað t.d að smíða, þvo þvott, í göngutúr að keyra eða hvað annað sem krefst ekki 100% athygli 100% af tímanum.“

Hægt er að ná í Smára á netfanginu smari@ssne.is eða í síma 464-5412 / 865-6486



Ágrip frá framkvæmdastjóra



Stjórn SSNE hélt aukafund í lok janúar þar sem tillögur að áhersluverkefnum voru ræddar og áhersluverkefni 2022 voru ákveðin. Þrátt fyrir að stjórn hefði úr 62 milljónum að spila var ekki hægt að fjármagna öll þau mikilvægu verkefni sem voru á borðinu en engu að síður eru áhersluverkefni SSNE fjórtán talsins árið 2022. Nú verða verkefnin sem stjórn samþykkti send til stýrihóps Stjórnarráðsins sem fjallar um þau og gefur endanlegt samþykki.

Ekki eru öll áhersluverkefnin ný, fjármagni er einnig veitt í áframhald verkefna sem hófust á síðasta ári. Má sem dæmi nefna samgöngustefnu en það verkefni hefur verið útvíkkað og verður unnin samgöngu- og innviðastefna fyrir landshlutann. Gríðarlega mikilvægt verkefni sem fyrirsjáanlega verður umfangsmikið og krefjandi.

En áhersluverkefni eru ekki ein um hituna. Það er óhætt að segja að þessi árstími sé tími fjárhagslegrar innspýtingar í uppbyggingileg verkefni hér á Norðurlandi eystra því úthlutunarnefnd uppbyggingarsjóðs hefur unnið úr þeim mikla fjölda umsókna sem bárust eins og fram hefur komið. Rafræn úthlutunarhátíð sjóðsins er svo hápunkturinn og mikil gleðistund. Ég ætla að nýta þetta tækifæri til að óska styrkhöfum til hamingju og óska þeim velfarnaðar í verkefnum framundan.

Mig langar til að hrósa mínu frábæra starfsfólki fyrir mikið og gott starf í umsóknarferlinu þar sem þau hafa veitt umsækjendum í uppbyggingarsjóð ómetanlega aðstoð og stuðning og lögðu á sig mikla vinnu, ekki síður við úrvinnslu umsókna og aðstoð við starf úthlutunarnefndar, sem og úthlutunarhátíð og eftirfylgni mála. Það sama á við um undirbúning og útfærslu tillagna um áhersluverkefni, að baki því liggur mikil og góð vinna starfsfólks SSNE sem auðveldaði stjórn að leggja mat á verkefnin.

Hafin er vinna við endurskoðun svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs. Verkefnið er unnið af Stefáni Gíslasyni hjá Environice en það er ráðgjafafyrirtæki á sviði umhverfismála og sjálfbærrar þróunar. Stefán þekkir svæðisáætlun okkar vel enda vann hann núgildandi áætlun. Fyrir liggur verkefnisáætlun í 6 liðum:

1. Greining á stöðu mála og líklegri þróun
2. Mótun stefnu í úrgangsmálum
3. Umhverfismat áætlana
4. Ritun skýrslu
5. Samráð við almenning
6. Lokafrágangur

Eins og margir vita þá nær núgildandi svæðisáætlun yfir allt Norðurland og er endurskoðunin því unnin í samstarfi á starfssvæði SSNE og SSNV.

Haldinn var einn fundur með kjörnum fulltrúum og framkvæmdastjórum sveitarfélaga. Anna Gunnhildur Ólafsdóttir, sérfræðingur á skrifstofu sveitarfélaga og byggðarmála í innviðaráðuneytinu, áður samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti, kynnti stefnu í málefnum sveitarfélaga með sérstakri áherslu á aðgerðaráætlun stefnunnar fyrir árin 2019-2023 og stöðu hvers verkefnis fyrir sig. Í framhaldi af kynningu hennar fóru fram umræður. Sjá má frétt og upptöku af þeim fundi á heimasíðu okkar, www.ssne.is.

Við erum nú að hefja vinnu við þarfagreiningu fyrir skjalakerfi og málaskrá SSNE. Val, kaup og innleiðing á slíkum kerfum verður lokahnykkurinn í uppbyggingu rafrænna kerfa SSNE en mikið verk hefur verið unnið á þessu sviði frá því að samtökin í núverandi mynd tóku til starfa í upphafi árs 2020.

Það er mikill hugur í okkur nú í upphafi nýs árs og við hlökkum til að halda áfram starfi okkar í samræmi við skýra stefnu og metnaðarfull, mælanleg markmið. Við bindum miklar vonir við batnandi stöðu hvað heimsfaraldurinn varðar og tilslakanir sem opna okkur tækifæri til þess að láta sjá okkur meira og hitta allt það skemmtilega fólk sem við höfum að mestu leyti haft samskipti við í netheimum.

kær kveðja,
Eypór Björnsson



Viðverutímar starfsmanna

Akureyri - Elva, Rebekka, Rögnvaldur og Kolfinna eru við mánudaga til fimmtudaga 9:00-15:00 og á föstudögum til 14:00. Eypór er á Akureyri 2 daga í viku að jafnaði. Meginreglan er að hann sé þar mánudaga og þriðjudaga en það er þó breytilegt eftir dagskrá hvernar viku. Verkefnastjórar Glæðum Grímsey (Arna) og Betri Bakkafjarðar (Gunnar) hafa einnig starfsaðstöðu á Akureyri.

Bakkafjörður - Gunnar Már er við mánudaga til miðvikudaga milli 9:00 - 15:00.

Grímsey - Arna Björg er með breytilega viðveru úti í Grímsey en er að jafnaði við á skrifstofu okkar á Akureyri mánudaga til föstudaga 9:00-12:00.

Húsavík - Ari Páll, Hildur og Smári eru við mánudaga til fimmtudaga 9:00-15:00 og fös 9:00-14:00. Eypór er á Húsavík tvo daga í viku að jafnaði. Meginreglan er að hann sé þar miðvikudaga og fimmtudaga en það er þó breytilegt eftir dagskrá hvernar viku.

Dalvík - Anna Lind er við á þriðjudögum 9:00-15:00.

Ólafsfjörður - Anna Lind er við á mánudögum, miðvikudögum og fimmtudögum 9:00-15:00 og á föstudögum 9:00-14:00. Eypór er þar að jafnaði síðasta mánudag í hverjum mánuði.

Raufarhöfn - Nanna Steina er við mánudaga til fimmtudaga 9:00-15:30.

Vinsamlegast nýtið ykkur síma eða tölvupóst til að skipuleggja fundi því þó svo viðvera sé tiltölulega föst þá er betra að tryggja að starfsfólks sé til staðar.

[Allar tenglaupplýsingar má finna hér.](#)